

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundalóðar í Lynghólslandi og breytingu á deiliskipulagi Selmarkar, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 4. október 2006 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag frístundalóðar í Lynghólslandi, landnúmer 125325. Samkvæmt deiliskipulaginu er heimilt að reisa frístundahús allt að 70 m² auk 10 m² geymsluhúss á lóðinni, sem er 12.843 m² að stærð.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Ennfremur hefur bæjarstjórn Mosfellsbæjar þann 4. október 2006 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi Selmarkar við Selvatn, sem felst í því að byggingarreitur C5 færist um rúma 8 m til norðausturs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi. Mosfellsbær hefur lýst því yfir að hann taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna breytingarinnar.

F.h. Mosfellsbæjar, 9. nóvember 2006,

Finnur Birgisson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. nóvember 2006